

Bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til sýslumannsins í Vestur-Skaftafellssýslu um niðurfellingu manntalsþinga í Vestur-Skaftafellssýslu.

„Ráðuneytið vísar til bréfs yðar, herra sýslumaður, dags. 1. september sl., varðandi tillögu yðar ásamt samþykkt sýslunefndar Vestur-Skaftafellssýslu um að leggja niður manntalsþing í Vestur-Skaftafellssýslu.

Með vísun til 10. gr. laga nr. 28/1981 um breyting á lögum nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, samþykkir ráðuneytið, að manntalsþing í Vestur-Skaftafellssýslu verði lögð niður.“

Nr. 644

22. september 1983

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 320 2. júlí 1981, um eftirlit og mat á saltverkaðri síld til útflutnings.

1. gr.

Aftan við 20. gr. bætist ný málsgrein svohljóðandi: Hver söltunarstöð skal hafa löggiltar vogir til að vigta hráefni og salt.

2. gr.

28. gr. orðist svo:

Eftirfarandi grein á eingöngu við um harðsaltaða síld og millisaltaða síld (sykursaltaða og kryddsaltaða).

Sé ofangreind síld söltuð að hausti eða vetri, þá skulu tunnurnar fluttar í geymsluhús að lokinni söltun, þar sem haldið er +8 °C til +10 °C hitastigi, sbr. 22. gr.

Eftir 20. september verður að flytja þessa síld strax að loknum tilsætti í slíka geymslu og geyma hana þar, þar til hún er verkuð, eða a. m. k. 4 vikur.

3. gr.

1. tl. 33. gr. orðist svo:

Heilsöltuð-, kverkuð-, hausskorin og slógdregin, hreinsuð síld, (split):

Síldin skal vera vel verkuð, snyrtilega hreinsuð og unnin, raðað eða sléttlögð (plattað) í tunnur. Síldinni hafi verið vel vöðlað upp úr salti og verkunarefnum, ekki átutærð, kviðgölluð eða kviðlin, roðtærð eða samlímd, og hæfilega söltuð.

Harðsöltuð síld skal vera með minnst 24° Be þækli. Ekki skal vera áberandi magn af óbráðnu salti í tunnunum.

Léttsaltaða síld með þækli sem er veikari en 20° Be skal merkja á efri botn tunnu: Léttsöltuð (Mild cure) eða öðrum orðum, er tákna það sama.

Séu notuð verkunarefni með saltinu s. s. krydd, sykur o. s. frv., skal nota blöndu af salti og tilheyrandi verkunarefnum og skulu þau vandlega blönduð saltinu.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 108 31. desember 1974, um Framleiðslueftirlit sjávarafurða, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 22. september 1983.

Jón L. Arnalds.

Jón B. Jónasson.